




Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 26. febrúar 2026

One: 2602471

Óskað er heimildar skipulags- og umhverfisráðs til að hefja skipulagsvinnu fyrir miðbæ Kópavogs.

Lagt er til að hafin verði vinna við rammahluta Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 sem nær til miðbæjar- og Auðbrekkusvæðis til þess að fylgja eftir stefnu í aðalskipulagi um að styrkja miðsvæðið í Hamraborg sem bæjarkjarna, verslunar- og þjónustusvæði og íbúðasvæði með áherslu á þétta og blandaða byggð þar sem fólki verður gert betur kleift að komast ferða sinna fótgangandi eða á reiðhjóli.



Tillaga að afmörkun skipulagssvæðisins er sýnd með rauðri línu.

Miklar breytingar á miðbæjarsvæði Kópavogs eru fyrirhugaðar og byrjaðar á sumum reitum, má þar nefna svæðið milli Nýbýlavegar og Auðbrekku (vestari) þar sem er í gildi nýtt deiliskipulag og fyrirhuguð blönduð byggð með verslun og þjónustu og íbúðum. Í Dalbrekku er þegar hafin uppbygging í samræmi við nýtt deiliskipulag. Þá er nýtt deiliskipulag fyrir Fannborgarreit og Traðarreit (vestari) í gildi og undirbúningur uppbyggingar á reitnum hafinn. Þessar deiliskipulagsáætlanir gera ráð fyrir auknum íbúafjölda á svæðinu. Þá er fyrir séð að kjarnastöð Borgarlínu verði í Hamraborg. Samhliða mikilli fólksfjölgun á svæðinu er mikilvægt að gera endurbætur á almenningsskrá og samgönguinnviðum til þess að tryggja innviðauppbyggingu í samræmi við aukinn íbúafjölda á svæðinu.



Lagt er til að hafin verði vinna við rammahluta aðalskipulags fyrir miðbæ Kópavogs og þannig nýta tækifæri þessa mikilvæga svæðis sem miðpunkt menningar og þjónustu. Mótuð verði heildstæð áætlun um þróun svæðisins til þess að stuðlað að bættum gæðum í hinu byggða umhverfi og samkeppnishæfni svæðisins og Kópavogsbæjar alls. Það felur m.a. annars í sér:

- að skilgreina tengingar fyrir virka ferðamáta um svæðið og í samhengi við kjarnastöð Borgarlínu í Hamraborg,
- að skilgreina og móta aðgengileg sólrik og skjólgóð almenningssými,
- að móta stefnu um gæði byggðarinnar og samspil ólíkra ferðamáta
- að móta nánari stefnu um íbúðabyggð og atvinnuhúsnæði á þróunarreit ÞR-2 s.s. hvað varðar yfirbragð, tegund starfsemi, aðgengi og almenningssými.

Samráð verður haft vegna tengsla við kjarnastöð Borgarlínu í Hamraborg, almenning og aðra hlutaðeigandi aðila.

Virðingafyllst,
F.h. skipulagsfulltrúa
Ester Anna Ármannsdóttir
verkefnastjóri

